

Reykjavík, 25. október 2012

## Niðurstaða athugunar á stöðu og starfsemi innri endurskoðunar hjá viðskiptabönkunum

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á starfsemi innri endurskoðunar hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf. og MP banka hf. í samræmi við 8. og 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Markmið úttektarinnar var að kanna stöðu og starfsemi innri endurskoðunar og hvort hún samræmist meðal annars viðurkenndum stöðlum alþjóðasamtaka um innri endurskoðun (*Standards for the Professional Practice of Internal Auditing (IIA-IPPF)*), tilmælum Basel-nefndarinnar um innri endurskoðun (*Internal audit in banks and the supervisor's relationship with auditors, August 2001*) og reglum nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna í tengslum við athugunina á tímabilinu nóvember 2011 til júní 2012. Í kjölfar athugunarinnar var innri endurskoðendum og stjórn bankanna sent bréf þar sem fram komu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins og var þeim gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum og andmælum á framfæri.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er byggð á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast við stöðu mála á þeim tíma sem hún fór fram.

Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega samandregnar niðurstöðu athugunarinnar fyrir alla viðskiptabankana.

Fjármálaeftirlitið benti á mikilvægi eftirlitseininga, á borð við áhættustýringu, innri endurskoðun og regluvörslu, í innra eftirlitakerfi bankanna og nauðsyn þess að stjórnendur tryggi að þær hafi gott bakland. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við alla bankana að þeir taki til athugunar að endurskoða reglulega laun eftirlitseininga og tryggi að laun starfsmanna þeirra séu í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglna nr. 700/2011.

Fjármálaeftirlitið kom á framfæri ábendingum til allra viðskiptabankanna sem tengdust stöðlum alþjóðasamtaka um innri endurskoðun (*Standards for the Professional Practice of Internal Auditing (IIA-IPPF)*). Ábendingar Fjármálaeftirlitsins, sem voru mismunandi eftir því hver í hlut átti, lutu meðal annars að eftirfylgni úrbóta, erindisbréfi innri endurskoðanda og endurskoðunaráætlun.